



Fundargerð hreppsnefndar 06. nóvember 2014

Fundur hreppsnefndar

Fundur nr. 8 kjörtímabilið 2014 – 2018

Fundur haldinn í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps fimmtudaginn 6. nóvember 2014 í félagsheimilinu Miklagarði kl. 16.00.

Mætt til fundar: Eyjólfur Sigurðsson, Stefán Grímur Rafnsson, Sigríður Elva Konráðsdóttir, Friðrik Óli Atlason, Bárður Jónasson, Magnús Þór Róbertsson og Víglundur Páll Einarsson.

Einnig sátu fundinn Ólafur Áki Ragnarsson sveitarstjóri og Magnús Már Þorvaldsson, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerðir:

a) Fundargerð 48. aðalfundar SSA frá 19. og 20. september 2014, ásamt ályktunum aðalfundar. Bárður vakti athygli á að framundan sé lokun á landshluta upplýsingamiðstöðinni á Egilsstöðum. Lagt fram til kynningar.

b) Fundargerð fræðslunefndar frá 22. september 2014

Undir 3. lið í fundargerð var rætt um hljóðfærakaup og upplýst að gert verði ráð fyrir þeim í fjárhagsáætlun. Undir 5. lið er varðar viðhaldsmál upplýsti sveitarstjóri að þau mál væru til skoðunar hjá sveitarfélaginu í heild sinni. Fundargerðin síðan samhljóða samþykkt.

c) Fundargerð hafnarnefndar frá 07. október 2014

Samhljóða samþykkt.

d) Fundargerð menningarmálanefndar frá 15. október 2014

Fundargerðin samhljóða samþykkt.

e) Fundargerð 38. fundar Brunavarna á Austurlandi frá 24. október 2014

Lagt fram til kynningar.

f) Fundargerð Almannavarnanefndar Austurlands frá 24. október 2014

Til kynningar.

2. Almenn mál:

a) Tillaga að álagningu gjalda fyrir árið 2015

Oddviti gerði grein fyrir málinu og fór yfir helstu tölur. Fram fór umræða um einstaka liði. Bar oddviti síðan upp til samþykktar 4% hækkun gjaldskrár grunn-, leik- og tónlistarskóla, Sundabúðar og Miklagarðs, samþykkt samhljóða. Síðan borið upp til samþykktar álagningareglur fasteignagjalda fyrir árið 2015, samþykkt samhljóða.

g) Erindi til fjárlaganefndar Alþingis

Lagt fram til kynningar.

h) Gjaldskrá fyrir Strætisvagna Austurlands fyrir árið 2015

Gjaldskrá Strætisvagna samþykkt samhljóða. Síðan samþykkt: „Sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps

beinir þeim tilmælum til stjórnar SSA að komið verði á tengingu Vopnafjarðar við net almenningsamgangna um þjóðveg nr. 1, Möðrudalsöræfi.“ Samþykkt samhljóða.

i) Málefni Finnafjarðar

Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu og sagði margt vera framundan. Fram fór umræða þar sem lögð var þung áhersla á mikilvægi málsins. Samþykkt samhljóða að fundað verði með fulltrúum Langanesbyggðar sem fyrst.

j) Byggðakvóti fiskveiðiárið 2014/2015

Að undangenginni umræðu var samþykkt að fela sveitarstjóra að ræða við atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið að fá hingað fulltrúa ráðuneytisins til fundar við sveitarstjórn og hlutaðeigandi smábátasjómenn. Sveitarfélagið hefur frest til að skila inn sérreglum til 01. desember n. k. kjósi sveitarfélagið að gera það.

k) Kauptilboð í skólahúsnæðið að Torfastöðum

Samþykkt samhljóða að fresta málinu og er vísað til bókonar á fundi hreppsnefndar þann 16. október sl.

l) Kauptilboð í hlutafélagið Kolbeinstanga ehf.

Kauptilboðið samhljóða samþykkt.

m) Starf tómsundarfulltrúa í Sundabúð

Samhljóða samþykkt að starf tómsundarfulltrúa verði auglýst og í það ráðið frá og með 01. janúar 2015.

n) Kosning fulltrúa á aðalfund Skólaskrifstofu Austurlands sem haldinn verður 21. nóvember n. k. Oddviti lagði til að sveitarstjóri verði fulltrúi sveitarfélagsins, samhljóða samþykkt.

o) Styrkbeiðni frá karlakórnum á Vopnafirði

Vék Bárður af fundi undir þessum lið. Samhljóða samþykkt að vísa til menningarmálanefndar til afgreiðslu.

p) Kynningarfundur vegna vinnumats grunnskólakennara sem haldinn verður 19. nóvember n. k. Til kynningar.

q) Beiðni um útleigu gangnamannakofans að Arnarvatni

Samþykkt samhljóða að vísa til landbúnaðarnefndar og að fenginni umsögn nefndarinnar tekið til umræðu að nýju.

r) Bréf frá formanni stjórnar Ferðamálasamtaka Vopnafjarðar

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerðin síðan lesin upp og samhljóða samþykkt. Fundi slitið kl. 17:35.

Álagningarreglur fasteignagjalda hjá Vopnafjarðarhreppi fyrir árið 2015:

Álagning fasteignagjalda 2015 verður ákveðin með eftirfarandi hætti.

I. Sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps samþykkti að fasteignagjöld fyrir árið 2015 verði lögð á sem hér segir:

a) Fasteignaskattur á :

- | | | |
|---|--------|-------------------------|
| Íbúðarhúsnæði og bújarðir. | 0,55 % | af heildarfasteignamati |
| 2) Atvinnuhúsnæði og annað húsnæði. | 1,65 % | af heildarfasteignamati |
| 3) Sjúkrastofnanir, skólar, heimavistir, leikskólar, íþróttahús og bókasöfn | 1,32 % | af heildarfasteignamati |

b) Vatnsgjald og holræsagjald:

1. Vatnsgjald nemi 0,3 % af fasteignamati húss.

• Aukavatnsgjald skv. mæli skv. Gjaldskrá grunnur kr. 35 fyrir hvern rúmmetra vatns miðað við grunnvísitölu byggingarkostnaðar 115,5 stig í des. 2012.

2. Holræsagjald nemi 0,32 % af heildarfasteignamati.

c) Lóðarleiga

Lóðarleiga verði 2,0 % af fasteignamati allra lóða á Vopnafirði.

Gjalddagar fasteignagjalda 2015 verða 8 og verða þeir 15. febrúar 15. mars, 15. apríl, 15. maí, 15. júní, 15. júlí, 15. ágúst og 15. september. Eindagi verði 30 dögum síðar.

Athugið! Ef fjárhæðir til innheimtu eru undir kr. 2.000,- er þeim ekki dreift á átta gjaldaga.

Sveitarstjórn heimilar með stoð í 4. mgr. 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga að fella niður fasteignaskatt elli- og örorkulífeyrisþega af eigin íbúð á eftirfarandi hátt. Niðurfelling fasteignaskatts skal vera tekjutengd. Tekjuviðmiðun eru árstekjur 2014 skv. skattframtali 2015:

a) Einstaklingar

Brúttótekjur 2014 allt að kr. 2.523.602	100% niðurfelling
Brúttótekjur 2014 allt að kr. 3.496.416	50 % niðurfelling

b) Hjón:

Brúttótekjur 2014 allt að kr. 3.740.039	100 % niðurfelling
Brúttótekjur 2014 allt að kr. 4.166.802	50 % niðurfelling

Við fráfall maka eða sambýlings skal fasteignaskattur af íbúðarhúsnæði, sem fjölskylda hins látna (hinnar látnu) á og býr í felldur niður að fullu fyrsta árið en að hálfu annað árið eftir fráfall.

Búi fullvinnandi einstaklingur (eða hjón) inni á heimili ellilífeyrisþega, fellur fasteignaskattur ekki niður.

Hafi veruleg tekjulækkun orðið hjá ellilífeyrisþega milli áranna 2014 og 2015 hefur sveitarstjórn heimild til að taka tillit til þess við niðurfellingu fasteignaskatts, berist umsókn um slíkt.

Sömu reglur skulu gilda um niðurfellingu fasteignaskatts hjá öryrkjum með fulla örorku.

II. Sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps samþykkir á grundvelli laga nr. 81./ 1988 IV. kafla 22. gr., að leggja á sérstakt sorphirðu og sorpeyðingargjald á hverja íbúð á Vopnafirði á árinu 2015. Hvort gjald um sig skal vera kr. 11.500 á íbúð eða samtals 23.000 Innheimta skal gjaldið með fasteignagjöldum og eru gjalddagar þeir sömu.

Um gjöld að öðru leyti fyrir sorphirðu og meðhöndlun úrgangs á Vopnafirði fer samkvæmt samþykktum og gjaldskrá sem Vopnafjarðarhreppur hefur sett sér og tóku gildi á árinu 2011. Gögn þessi má finna á heimasíðu sveitarfélagsins.

Sveitarstjóri